

# STJÓRNARTÍÐINDI B 1 — 1962

5. janúar.

1

Nr. 1.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 78 27. maí 1960, um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

### 1. gr.

Eftirtaldar vörur falli niður úr 1. gr. reglugerðarinnar:

Tollskrá:

Kafli. Nr.

Vörutegund:

39B	7—8	Hjólbarðar og slöngur á ökutæki.
52	3	Sjóklæði.
	14c, 15c, 16c	Hálsklútar, höfuðklútar, vasaklútar o. þ. h. úr silki, gervisilki og öðrum gervipráðum og öðrum efnum.
	23, 24, 25	Hálsbindi, kvenslifsí og slaufur, hnýttar og óhnýttar, úr silki, gervisilki og öðrum gervipráðum og öðrum efnum.
54	4	Skófatnaður úr vefnaði, flóka, sefi, stráí, ót. a., einnig þótt hann sé með leðursólum, gúmmísólum eða sólum úr öðrum efnum, þar með taldir strigaskór og inniskór, enda sé minna en 50% af þunga skófatnaðarins kátsjúk.
72	23	Rafmagnsritvélar og hlutar til þeirra.
73	63	Ljósaperur.

### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyris mála, öðlast þegar gildi.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 5. janúar 1962.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Oddur Guðjónsson.*

5. janúar.

Nr. 2.

## AUGLÝSING

um innflutningskvóta.

Með skirskotun til 3. gr. reglugerðar nr. 79 27. maí 1960, um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl., hefur ríkisstjórnin í samráði við Seðlabankann ákveðið innflutningskvóta fyrir árið 1962 samkvæmt eftirfarandi lista.

Listinn skiptist í tvo kafla. Í I. kafla eru vörur, sem úthlutað verður þrisvar sinnum á árinu, í febrúar, júní og október. Í II. kafla eru vörur, sem bankarnir skulu úthluta á árinu 1962 á þeim tíma, sem þeir telja nauðsynlegt.

B 1